

**580. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 11. nóvember 2021
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 580 lögmætan.

Dagskrá:

1. Breyting á aðalskipulagi - 1902411

Tillaga byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar til sveitarstjórnar um að í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verði skipulagsfulltrúa falið að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu við Norður-Botn. Breytingin varðar landnotkun svæða á landi Norður-Botns, þ.e. iðnaðarsvæði I3 og I11, efnistökusvæði E3 og E6 ásamt þjóðvegi nr. 63, Bíldudalsvegi. Mál frá 56. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 01.11.2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar um að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa aðalskipulagsbreytingu við Norður-Botn í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432

Tillaga byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar til sveitarstjórnar um að heimila að tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Norður-Botni verði kynnt opinberlega samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs út fyrir stórstraumsfjöru. Byggingarmagn á byggingarreit I, Norður-Botn fer úr 8.000 m² í 40.000 m², hámarks ársframleiðsla fer úr 200 tonnum í 2200 tonn. Byggingarmagn á byggingarreit II, Keldeyri fer úr 8.000 m² í 5.000 m², ársframleiðsla er óbreytt 200 tonn. Mál frá 56. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 01.11.2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar að heimila að tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Norður-Botni verði kynnt opinberlega samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Sveitarstjórn vísar tillögunni jafnframt til atvinnu- og hafnarnefndar til umsagnar.

3. Styrkumsókn frá UMFT - 2110175

Erindi frá Ungmennafélagi Tálknafjarðar dags. 15.10.2021 þar sem óskað er eftir styrk vegna starfsemi félagsins sem heldur úti æfingum í sundi, fótbolta og frjálsum sem ungmenni á aldrinum 6 ára til 18 ára stunda.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða styrk til Ungmennafélags Tálknafjarðar að upphæð

kr. 300.000,- sem skal gera ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2022.

4. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 56 - 2109001F

Fundargerð 56. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 01.11.2021.

Fundargerðin er staðfest.

- 4.1 2110138 - Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði
- 4.2 2009255 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi
- 4.3 2105001 - Deiliskipulag í Hrafnadal
- 4.4 1902411 - Breyting á aðalskipulagi
- 4.5 1902432 - Breyting á deiliskipulagi - Norður botn
- 4.6 2108076 - Byggingarleyfi fyrir H2
- 4.7 2109091 - Spennaskipti í aðveitustöð við Keldeyri
- 4.8 2106247 - Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk
- 4.9 2109064 - Miðtún 8, stækkun á bílastæði
- 4.10 2110158 - Beiðni stækkun á baðhúsi við Pollinn

5. Samningur og fundargerð vegna Tálknafjarðarvegur 617-02 - 2111263

Lagðir fram undirritaðir samningar vegna framkvæmda við þjóðveg í þéttbýli ásamt fundargerð samningsfundar vegna verksins sem fór fram 03.11.2021.

Lagt fram.

6. Hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla og samningur - 2103078

Lagður fram undirritaður rekstrarsamningur milli Orkubús Vestfjarða og Tálknafjarðarhrepps dags. 01.11.2021 varðandi hleðslustöðvar og bílastæði fyrir rafbíla.

Lagt fram.

7. Burðarþolsmat tillögur að burðarþolsmati og áhættumati - 2110220

Erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 22.10.2021 þar sem í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun eru sendar upplýsingar um tillögur að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfismatsskýrslu burðarþolsmats og áhættumats erfðablöndunar á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Lagt fram.

8. Sameining stéttarféлага - 2111236

Erindi frá Kili stéttarfélagi starfsmanna í almannáþjónustu dags. 24.10.2021. Þar er tilkynnt um að Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum (F.O.S. Vest) hafi sameinast Kili.

Lagt fram.

9. Minningardagur um þá sem hafa látist í umferðarslysum - 2111238

Erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra dags. 29.10.2021 þar sem greint er frá alþjóðlegum minningardegi Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa sem fer fram sunnudaginn 21.11.2021.

Lagt fram.

10. Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis - 2111244

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 02.11.2021 þar sem sveitarstjórnir um allt land eru hvattar til að hefja nú þegar undirbúning fyrir gildisstöku lagabreytinga um hringrásarhagkerfi sem taka gildi 01.01.2023.

Lagt fram.

11. Skipulagsdagurinn 2021 - 2111247

Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 02.11.2021 þar sem Skipulagsdagurinn 2021 er kynntur. Hann fer fram föstudaginn 12.11.2021 í Salnum í Kópavogi undir yfirsíftinni "Skipulag fyrir nýja tíma". Fram kemur í kynningunni að sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps verður einn þeirra sem mun taka þátt í panelumræðum á deginum.

Lagt fram.

12. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2021 - 2101521

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna lagt fram.

Lagt fram.

13. Fundargerðir 2021 Hafnasamband - 2101560

Fundargerð 438 fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 15.10.2021.

Lagt fram.

14. Fundargerðir 2021 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2102594

Fundarferð 902. stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 29.10.2021.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.

580. fundur
16.11.2021

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)